



## Verðbólga án húsnæðis jákvæð í fyrsta sinn í tvö ár

Vísitala neysluverðs lækkaði óvænt um 0,09% milli apríl og maí og mælist 12 mánaða verðbólga nú 2,0% í samanburði við 2,3% í apríl. Mælist verðbólga því áfram undir markmiði annan mánuðinn í röð.

Mæling Hagstofunnar var undir væntingum, en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,3%. Við höfðum spáð +0,1%.

### Reiknuð húsaleiga lækkaði þvert á væntingar okkar

Liðurinn reiknuð húsaleiga kom mest á óvart, en hún lækkaði um 0,39%. Allir greiningaraðilar höfðu spáð hækkun þessa liðar, þó mismikilli. Það hefur gengið óvenju illa að spá fyrir þennan lið síðustu mánuði. Þannig hafa verðkannanir okkar endurspeglad fremur illa mælingu Hagstofunnar á verðþróuninni. Framlag einbýlis á höfuðborgarsvæðinu vó þyngst í lækkun reiknaðrar húsaleigu en einnig kom til lækkun húsnæðis á landsbyggðinni. Engin breyting varð á verði fjölbýlis á höfuðborgarsvæðinu.


Flugfargjöld til útlanda lækkuðu í samræmi við reynslu síðustu ára. Hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu skilaði sér inn í smásöluverð bensíns og dísilolíu. Hótel og veitingastaðir hækkuðu líkt og liðurinn gerir jafnan á þessum árstíma, vegna meiri eftirspurnar.

### Framlag húsnæðis og innfluttra vara hélt áfram að lækka

Síðustu misseri hafa tveir gagnstæðir kraftar togast á í þróun verðbólgunnar, húsnæði til hækkunar og innfluttrar vörur til lækkunar. Þetta náði hámarki síðasta sumar þegar framlag húsnæðis til hækkunar ársverðbólgu var um 4 prósentustig og framlag innfluttra vara til lækkunar var um 2,5 prósentustig. Áhrif beggja liða minnkaði milli mánaða í maí.

	Vægi í VNV	Áhrif	
		Raun	Spá
Bensín og díselolía	3,2%	0,08%	0,10%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,04%	0,05%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	0,04%	-0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,2%	0,03%	0,02%
Tómst. og menning	9,8%	0,01%	-0,01%
Kaup ökutækja	8,4%	0,01%	-0,01%
Ferðir og flutningar - annað	4,0%	0,01%	0,01%
Menntun	0,7%	0,00%	0,00%
Heilsa	4,0%	0,00%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,00%	0,00%
Matur og drykkjarv.	11,2%	-0,01%	0,04%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	-0,02%	0,00%
Póstur og sími	2,3%	-0,02%	0,02%
Föt og skór	3,6%	-0,03%	-0,01%
Reiknuð húsaleiga	21,2%	-0,08%	0,03%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	-0,13%	-0,08%
Alls	100,0%	-0,09%	0,13%

### Niðurbrot á breytingu milli mánaða



Heimild: Hagstofa Íslands




## Ekki lengur verðhjöðnun á vísitölu neysluverðs án húsnæðis



Eftir tveggja ára verðhjöðnun á almennu verðlagi án húsnæðis mældist 0,2% verðbólga á þennan mælikvarða nú í maí. Þessa verðhjöðnun má skýra að miklu leyti með þeirri styrkingu sem var á gengi krónunnar árin 2016 og 2017. Eftir því sem dregið hefur úr styrkingu krónunnar og hún öðlast meira jafnvægi hefur verðhjöðnunin minnkað nokkuð jafnt og þétt og var í sjálfu sér einungis spurning um tíma hvenær þessi þróun snérist við.

### Spá fyrir næstu mánuði


Við gerum ráð fyrir 0,2% hækkun í júní, 0,1% í júlí og 0,2% hækkun milli mánaða í ágúst. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 2,3% í ágúst.




Heimild: Hagstofa Íslands,



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.